

134. gr.

Lögin taka til samlagshlutafélaga eftir því sem við á. Skulu félögin hafa orðið samlags-
hlutafélag í heiti sínu eða skammstöfunina slhf. Í samþykktum félaganna skulu m.a. vera
reglur um réttarsamband milli þeirra sem bera annars vegar takmarkaða og hins vegar ótak-
markaða ábyrgð.

135. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 60/1994,
um váttryggingastarfsemi.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1994“ í síðari málsgrein 100. gr. laganna kemur: 1. júlí
1995.

2. gr.

Á eftir ártalinu „1994“ í 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur: og 1995.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson